TÓNLISTARSKÓLI ÁRNESINGA

Stofnaður 1955



Endurmenntunarferð Tónlistarskóla Árnesinga til Rómar maí 2026

• Gerum góðan skóla betri •

September 2026

Efnisyfirlit

Ársskýrsla Tónlistarskóla Árnesinga september 2026 5

Inngangur 5

Veturinn 2025 – 2026 6

Tónleikahald og aðrir viðburðir 2025 – 2026 6

Hljóðfærakynningar í grunnskólum 2025 - 2026 7

Próf veturinn 2025 – 2026 7

Veturinn 2026 – 2027 7

Skóladagatal, kennsluskylda og skólagjöld 7

Skipurit fyrir Tónlistarskóla Árnesinga bs. 2026 – 2027 7

Fjöldi nemenda 2026 – 2027 / biðlistinn 8

Kennarar 2026 – 2027 8

Endur- og símenntun kennara 9

Kennslustaðir 2026 – 2027 og aðbúnaður 9

Tónleikahald og aðrir viðburðir veturinn 2026 – 2027 10

Tónlistarflutningur á hjúkrunarheimilum 11

Hljóðfærakynningar í grunnskólum 11

Áætlun 2027 11

Skýrslur deildastjóra maí 2026 12

Blásaradeild 12

Blokkflautudeild 13

Forskóladeild 14

Gítardeild 15

Próf: 12 nemendur þreyttu próf í ár, þar af 1 áfangapróf Píanódeild 15

Rytmadeild 17

Strengjadeild 18

Suzukideild 20

Söngdeild 22

Tónfræðadeild 23

Fylgiskjal A - Skóladagatal 24

Fylgiskjal B – Hljóðfærakynningar í 2. bekk 25

Fylgiskjal C – Stigspróf 26

Fylgiskjal D – Fjöldi kenndra klst. 27

Fylgiskjal E – Nemendafjöldi 28

Fylgiskjal F – Fjöldi nemenda eftir hljóðfærahópum....29
Fylgiskjal G – Hlutfall nemenda í hverjum námsáfanga....30
Fylgiskjal H - Hlutfall nemenda eftir kyni....31
Fylgiskjal I – Aldursskipting nemenda....32
Fylgiskjal J – Hlutfall nemenda í heilu og hálfu námi....33
Fylgiskjal K – Nemendafjöldi til Jöfnunarsjóðs....34
Fylgiskjal L – Hlutfall nemenda í tónlistarnámi....35
Fylgiskjal M - Starfsmannalisti....36
Fylgiskjal N - Kynjahlutfall kennara....37
Fylgiskjal O - Starfshlutfall kennara eftir kyni....38
Fylgiskjal P – Skólagjöld....39
Fylgiskjal Q – Fjöldi nemenda og klst.....40
Fylgiskjal R – Áætlun 2027....41
Fylgiskjal S – Kostnaðarskipting sveitarfélaga 2027....44

Ársskýrsla Tónlistarskóla Árnesinga september 2026

Inngangur

Með gleði í hjarta fögnum við því að Tónlistarskóli Árnesinga hefur hafið sitt 71. starfsár. Skólinn var stofnaður þann 25. október 1955 að frumkvæði sr. Sigurðar Pálssonar fyrrum vígslubiskups og af Rótarýklúbbi Selfoss. Fyrsti skólastjóri skólans var Guðmundur Gilsson organisti við Selfosskirkju og voru nemendur rúmlega 50. Á þessum 70 árum sem skólinn hefur starfað hefur nemendum fjölgað tífalt og umfang skólans aukist og starfar skólinn nú í öllum sveitarfélögum Árnessýslu. Í tilefni af 70 ára afmælishátíðar skólans voru haldnir hátíðartónleikar í íþróttahúsinu á Laugarvatni í nóvember. Starfsfólk og aðrir velunnarar skólans lögðu margar hendur á dekk til að gera íþróttahúsið hátíðlegt fyrir tónlistarviðburðinn. Við skipulagningu og undirbúning afmælishátíðarinnar kom skýrt í ljós hversu mikilvægt er að tryggja sýslunni hentugt húsnæði fyrir starfsemi Tónlistarskóla Árnesinga, tónlistarviðburði á vegum skólans og aðra menningarviðburði.

Við í Tónlistarskóla Árnesinga erum stolt af því að leiða tónlistarstarf um alla sýsluna og vera sameiningarafl fyrir þá fjölmörgu nemendur sem stunda nám við skólann. Við skólann starfa um 40 tónlistarkennarar auk skrifstofustjóra og starfsmann ræstingar sem öll hafa það að markmiði að stuðla að jákvæðu og uppbyggjandi námsumhverfi. Þetta samsvarar niðurstöðum úr *Úttekt á starfsemi tónlistarskóla á Íslandi frá 2024*, þar sem fram kemur að mikil ánægja er með starfsemi tónlistarskóla landsins.

Hljóðfærakostur skólans er góður og finnum við fyrir velvild sem ríkir í garð Tónlistarskóla Árnesinga og erum við þakklát fyrir það. Til dæmis má nefna styrk frá 2024 sem nýttist til sembalkaupa. Hljóðfærið er mikið notað og nýtist sérstaklega vel fyrir söng- og blokkflautunemendur við flutning á barokktónlist. Þá hefur skólinn hlotið styrki frá Rótarý á Selfossi til hljóðfærakaupa og kaupa á gagnvirkum skjá sem nýtist til dæmis í tónfræðikennslu. Auk þessa hefur skólinn fengið hljóðfæri að gjöf sem er mikil búbót.

Yfirleitt hefur sveitarstjórnarfólk verið hliðhollt skólanum. Má til dæmis nefna að í Hveragerðisbæ, Hrunamannahrepp og Flóahreppi hefur tónlistarkennsla náð sér á ný eftir Covid-lægð. Það er afar ánægjulegt þegar sveitarfélögin eru tilbúin að bæta við kennslutímum en eins og staðan er núna eru biðlistar hvergi eins langir og í Sveitarfélaginu Árborg.

Í ár eru liðin 20 ár síðan Tónlistarskóli Árnesinga flutti í húsnæðið að Eyravegi 9. Eins og kemur fram hér að framan þá þarf að tryggja Tónlistarskóla Árnesinga húsnæði til lengri tíma en núverandi húsnæði er orðið of lítið og hentar ekki fyrir svona umfangsmikla starfsemi. Þá hafa athugasemdir komið frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands þar sem húsnæðið hefur þörf fyrir mikið viðhald. Á þessum 20 árum höfum við í samfélagi tónlistar á svæðinu talað fyrir bættri aðstöðu menningar og lista og bent á að í Árnessýslu eru aðstæður til íþróttaiðkunnar almennt góðar en aðstæður til menningarviðburða litlar sem engar. Það er því mikilvægt að halda samtalinu áfram um framtíð Tónlistarskóla Árnesinga og taka ákvörðun fyrr en seinna.

Að lokum eru sendar hlýjar kveðjur til fráfarandi skólastjórnenda tónlistarskólans sem hafa í gegnum árin unnið ötullega að stækkun skólans og þróun hans. Það er því mikil tilhlökkun hjá nýjum skólastjórnendum að leiða hóp metnaðarfullra tónlistarkennara áfram í þessum umfangsmikla skóla sem Tónlistarskóli Árnesinga er.

Selfossi, 24. september 2026,
Stefán Haukur Gylfason, skólastjóri

Veturinn 2025 – 2026

Tónleikahald og aðrir viðburðir 2025 – 2026

Nemendur komu fram á um 140 - 150 tónleikum og öðrum viðburðum á skólaárinu.

70 ára afmæli Tónlistarskóla Árnesinga setti svip á vetrarstarfið 2025–2026. Æfingar byrjuðu strax í upphafi vetrar fyrir afmælishátíðina sem haldin var í nóvember.

Landsmót strengja- og blásarasveita voru haldin í október 2025 þar sem 15 strengjanemendur og níu blásaranemendur tóku þátt.
70 ára afmælistónleikar Tónlistarskóla Árnesinga voru haldnir í íþróttahúsinu á Laugarvatni 15. nóvember 2025. Var þetta mikil tónlistarveisla þar sem um helmingur nemenda skólans og allir kennarar komu fram, auk leikskólabarna frá Flúðum og Reykholti. Um 500 áheyrendur glöddu okkur með nærveru sinni.
Hausttónleikar fóru fram með hefðbundnum hætti í nóvember, en á þessum tónleikum koma nemendur fram, hver hjá sínum kennara.
Jólaspilamennska í desember er fastur liður í skólastarfinu en þá fara nemendur okkar út í samfélagið og leika jólalög og aðra fallega tónlist fyrir samborgarana. Má nefna heimsóknir á hjúkurnarheimili, leikskóla, verslanir, ýmsa viðburði og annað sem óskað hefur verið eftir, auk Litlu-jólanna í grunnskólunum.
Jólakveðja Tónlistarskóla Árnesinga 2025 var að þessu sinni í flutningi rytmísku deildarinnar og viðfangsefnið lagið „*Jólin með þér*“, lag Cogliati og Cassano við texta Jónasar Friðriks Guðnasonar.
Tónleikaröðin 9.-13. febrúar í tilefni af Degi tónlistarskólanna var mjög skemmtileg. Samtals voru haldnir sex tónleikar í Skálholtskirkju, Hveragerðiskirkju, Þorlákskirkju og í hátíðarsal Stekkjaskóla á Selfossi. Þema tónleikanna var *Dýrin okkar* og var mjög gaman að heyra hið fjölbreytta efnisval sem nemendur og kennarar göldruðu fram.
Mið- og framhaldsdeildartónleikarnir voru haldnir um miðjan mars í Hveragerðiskirkju og sal skólans á Selfossi. Í boði var fjölbreytt og skemmtileg dagskrá og gaman að heyra nemendur á þessum stigum spreyta sig á metnaðarfullum verkum – og ná að skila þeim svo vel til áheyrenda.
Krakkabarokk í Hörpu var glæsilegur viðburður sem kammerhópurinn ReykjavíkBarokk stóð fyrir. Átta blokkflautunemendur úr Tónlistarskóla Árnesinga fengu tækifæri til að leika með kammerhópnum ásamt fjölda annarra hljóðfæranemenda og kóra af Höfuðborgarsvæðinu, Suðurlandi og Norðurlandi eystra.
Allskonar tónleikar voru haldnir í apríl og mikið líf var í skólanum. *Píanó-hringekjutónleikar* voru haldnir í Stekkjaskóla, þar sem pínónemendur fengu tækifæri til að koma fram í samspilsatriðum. *Svæðistónleikar Nótunnar* fóru fram í Salnum í Kópavogi. Á þessum tónleikum sameinuðust nemendur frá Suðurlandi, Suðurnesjum og Kraganum, en frá Tónlistarskóla Árnesinga komu þrjú atriði. *Tónleikar eldri nemenda* fóru fram í sal skólans á Selfossi. Þar komu nemendur sem eru 20 ára og eldri fram á mjög skemmtilegum tónleikum.
Vortónleikar og Suzukiútskriftir voru fjölmargir að vanda í apríl og maí, enda vorið aðal uppskerutími skólastarfsins og loks tóku við skólaslit á níu stöðum í maí. Hefð er fyrir því að slíta skólanum á hverjum kennslustað fyrir sig, með tónlistarflutningi og afhendingu prófskírteina. Þetta eru alltaf hátíðlegar stundir og gaman að sjá og heyra afrakstur vetrarins á skólaslitum.

Hljóðfærakynningar í grunnskólum 2025 - 2026

Hljóðfærakynningar í 2. bekk allra 12 grunnskólanna í Árnessýslu fóru fram með 60 hefðbundnum heimsóknum á vorönn 2025. Tónlistarkennararnir þakka nemendum og kennurum grunnskólanna fyrir hlýjar móttökur og sýndan áhuga.
(Fylgiskjal B – Hljóðfærakynningar í 2. bekk)

Próf veturinn 2025 – 2026

Veturinn 2025 – 2026 luku 102 nemendur stigs- eða áfangaprófum og Suzukiútskriftum. Þar af luku 27 nemendur samræmdum grunn- og miðprófum samkvæmt Aðalnámskrá tónlistarskóla. Enginn lauk framhaldsprófi frá skólanum í vor.
(Fylgiskjal C - Stigspróf).

Veturinn 2026 – 2027

Skóladagatal, kennsluskylda og skólagjöld

Skólaárið 2026 – 2027 hófst 24. ágúst með fimm starfsdögum kennara, en kennsla hófst 31. ágúst. Skólaárinu lýkur með skólaslitum 31. maí 2027 og þremur starfsdögum 1. – 3. júní 2027. Starfsdagar á kennslutímabilinu eru þrír. Haustfrí er tekið 22. - 27. október og vetrarfrí 15. – 19. febrúar, en þessi frí eru aðlöguð að skóladagatali stærstu grunnskóla sýslunnar og FSu. Fimm frídagar vegna styttingar vinnutíma tónlistarskólakennara, eru felldir að haust- og vetrarfríum. Kennsludagar eru 175 og kennsluskylda er 20,57 klst./viku.
(Fylgiskjal A - Skóladagatal 2026 – 2027)
(Fylgiskjal P - Skólagjöld 2026 – 2027)

Skipurit fyrir Tónlistarskóla Árnesinga bs. 2026 – 2027

Aðildarfélög:	Sveitarfélagið Árborg, Sveitarfélagið Ölfus, Hveragerðisbær, Grímsnes- og Grafningshreppur, Bláskógabyggð, Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Flóahreppur.
Stjórn Tónlistarsk. Árn. bs.:	Sigurjón Vídalín, formaður (Sveitarfélagið Árborg) Þorsteinn Hjartarson, varaformaður (Hveragerðisbær) Stefanía Hákonardóttir (Bláskógabyggð)
Skólastjóri:	Stefán Haukur Gylfason
Aðstoðarskólastjóri:	Pamela De Sensi
Skrifstofustjóri:	Guðrún Helgadóttir
Starfsmaður ræstingar:	Ingibjörg Anna Símonardóttir

Deildarstjórar 2026-2027:	Gestur Áskelsson	Blásaradeild + Blokkflautudeild
	Guðmundur Kristmundss.	Strengjadeild + Suzukideild
	Margrét S. Stefánsdóttir	Pínódeild + Söngdeild
	Vignir Ólafsson	Rytmísk deild + Gítardeild
	Örlygur Benediktsson	Tónfræðadeild

Umsjónarmenn kennslustaða

Skólinn úthlutar úr launapotti tónlistarkennurum sem taka að sér umsjón útibúa. Hlutverk umsjónarmanna er að vera tengiliður skólans við samfélagið á hverjum stað, halda utan um tónleikahald á svæðinu og fylgjast með öryggismálum vegna húsnæðis. Umsjónarmenn eru ráðnir til eins árs í senn.

Umsjónamenn kennslustaða veturinn 2026-2027:

Flóaskóli	Saidhbhe Emily Canning
Flúðir/Þjórsárskóli	Magnea Gunnarsdóttir
Hveragerði	Gunnlaugur Bjarnason
Reykholt	Björn Pálmi Pálmason
Stokkseyri/Eyrarbakki	Kristín Jóhanna Dudziak Glúmsdóttir
Þorlákshöfn	Gestur Áskelsson
Selfoss	Stefán I. Þórhallsson

Fjöldi nemenda 2026 – 2027 / biðlistinn

Í ár stunda 548 nemendur nám við skólann í einkatímum og hóptímum. Þar af eru 126 nýnemar. Um 270 nemendur í 2. bekk grunnskóla í Árnessýslu fá hljóðfærakynningar á vegum tónlistarskólans.

Á biðlista 18. september 2026, eru 35 nöfn sem skiptast þannig:
Árborg: 23
Bláskógabyggð: 5
Hveragerði: 4
Ölfus: 1
Flóahreppur: 1
Hrunamannahreppur: 1
Skeiða- og Gnúpverjahreppur: 0
Grímsnes- og Grafningshreppur: 0
Hluti þessara nemenda fær skólavist í vetur, en nýir bætast einnig við listann.

Nánari upplýsingar um fjölda nemenda og fl. má sjá í meðfylgjandi fylgiskjölum.
(Fylgiskjal D - Fjöldi kenndra klst.)
(Fylgiskjal E - Nemendafjöldi)
(Fylgiskjal F - Fjöldi nemenda eftir hljóðfærahópum)
(Fylgiskjal G - Hlutfall nemenda í hverjum námsáfanga)
(Fylgiskjal H - Hlutfall nemenda eftir kyni)
(Fylgiskjal I - Aldursskipting nemenda í einkatímum)
(Fylgiskjal J - Hlutfall nemenda í heilu og hálfu námi)
(Fylgiskjal K - Nemendafjöldi til Jöfnunarsjóðs)
(Fylgiskjal L - Hlutfall nemenda í tónlistarnámi)
(Fylgiskjal Q - Fjöldi nemenda og klukkustunda)

Kennarar 2026 – 2027

Kennarahópurinn er mjög stöðugur og byggir á reynslumiklu og vel menntuðu fólki. Einn kennari er í fæðingarorlof í vetur. Nokkrir nýir kennarar tóku til starfa í haust.

(Fylgiskjal M - Kennaralisti)
(Fylgiskjal N - Kynjahlutfall kennara)
(Fylgiskjal O - Starfshlutfall kennara eftir kyni)

Endur- og símenntun kennara

Tónlistarskóli Árnesinga leggur upp úr fagmenntuðu og metnaðarfullu tónlistarstarfi. Margir hafa sótt sér endurmenntun á eigin vegum en einnig hefur skólinn staðið fyrir endurmenntunar námskeiðum. Þannig hefur kennurum skólans verið boðið upp á utanaðkomandi námskeið en einnig hefur mannauður skólans nýst við skipulagningu á endurmenntun. Þá má nefna að Suzukikennarar eru margir í Suzukikennaranámi.

Á starfsdegi 18. febrúar 2026 var haldið *prófdómaranámskeið* í umsjón *Jóhanns I. Stefánssonar* þáverandi aðstoðarskólastjóra tónlistarskólans. Á námskeiðið mættu einnig kennarar úr Tónlistarskóla Rangæinga.

Á starfsdögum 21. og 22. maí 2026 voru haldin *skyndihjálparnámskeið* á vegum *Rauða krossins* fyrir kennara skólans. Námskeiði var vel sótt og skiptum við starfsfólki upp í tvo námskeiðshópa.

Í júní 2026 fóru kennarar og starfsfólk tónlistarskólans í *endurmenntunarferð til Rómar* þar sem við fengum tækifæri til að heimsækja tvo tónlistarskóla þ.e. Suzukitónlistarskólann *CeSMI Roma – Centro Sperimentale Musicale per L´Infanzia* og tónlistarháskólann *Conservatorio di Musica Santa Cecilia*. Þar fræddumst við um skólastarfið, fylgdumst með kennslu og hlýddum á nemendatónleika. Rómaróperuna (Teatro dell´Opera di Roma) skoðuðum við með leiðsögn og sáum þar einnig óperuna Tancredi eftir Rossini. Við fræddumst um sögu Rómar undir leiðsögn Ingólfs Níelsar Árnasonar og heimsóttum tvo staði á heimsminjaskrá Unesco í bænum Tivoli. Við héldum heim margs fróðari um ítalska tónlistarskóla, óperu, menningu og sögu – og það sem er ekki síðra í svona stórum og dreifðum skóla eru, sameiginlegar minningar úr frábærri ferð.

Föstudaginn 28. ágúst sóttu kennarar námskeið með yfirskriftinni *Íslensk þjóðlög* undir handleiðslu Eyjólfs Eyjólfssonar þjóðfræðings og kennara við skólann. Á námskeiðinu fræddi Eyjólfur kennara um tilurð íslenskra þjóðlaga og léku kennarar á langspil og sungu með.

Þann 23. september sóttu kennarar *Svæðisþing tónlistarskóla af Suðurlandi og Suðurnesjum*. Þingið fór fram á Hellu og bar yfirskriftina *Að breikka hringinn: þróum tónlistarskólann saman: jafningastuðningur sem drifkraftur*. Þingið er árlegur viðburður og mikilvægur vettvangur fyrir tónlistarskólakennara sem eiga þar faglegar umræður um þennan mikilvæga starfsvettvang.

Kennslustaðir 2026 – 2027 og aðbúnaður

Kennt er á öllum kennslustöðunum 15 í vetur. Aðbúnaður er almennt góður þó að kennslurými mættu víða fá meiri málningarvinnu og hreinsun. Til dæmis var óskað eftir viðhaldi á húsnæði og hreinsun á lóð skólans við Eyraveg 9 í sumar en ekki var orðið við því. Einnig eru kennslustofur í grunnskólum hreppanna í misjöfnu ástandi og brýn nauðsyn að sveitarfélögin geri úttekt og skoði aðstæður sem tónlistarskólakennurum er boðið upp á.
Þá er nauðsynlegt að líta á fjölgun nemenda í Stekkjarskóla. Með fjölgun nemenda þrengir að vinnuaðstæðum tónlistarskólans. Það verður því að fara í markvissa vinnu um kennsluaðstæður tónlistarskólans í Stekkjaskóla næsta vetur.

Kennslustaðir:
Árborg:
- Eyravegur 9, Selfossi
- Sunnulækjarskóli
- Stekkjaskóli
- Vallaskóli
- Barnaskólinn á Stokkseyri
- Barnaskólinn á Eyrarbakka

Bláskógabyggð:
- Reykholtsskóli
- Bláskógaskóli Laugarvatni

Flóahreppur:
- Flóaskóli

Grímsnes- og Grafningshreppur:
- Kerhólsskóli

Hrunamannahreppur:
- Flúðaskóli

Hveragerði:
- Grunnskólinn í Hveragerði

Skeiða- og Gnúpverjahreppur:
- Þjórsárskóli
- Brautarholt

Ölfus:
- Grunnskólinn í Þorlákshöfn

Tónleikahald og aðrir viðburðir veturinn 2026 – 2027

Tónleikahald verður með hefðbundnu sniði í vetur. Hér er yfirlit yfir þá helstu:
- *Deildatónleikar* verða 5.–13. nóvember, þar sem hljómsveitir og samspilshópar fá að njóta sín auk einleiksatriða á milli. Tónleikarnir verða sem hér segir:
  - 5.11. Blokkflautudeildarstónleikar
  - 6.11. Blásaradeildartónleikar
  - 9.11. Söngdeildartónleikar
  - 10.11. Gítardeildartónleikar
  - 11.11. Píanódeildartónleikar
  - 12.11. Strengjadeildartónleikar
  - 13.11. Rytmadeildartónleikar
- Hausttónleikar skólans verða vikuna 23.-28. nóvember.
- Árlegt jólaball Suzukideildar verður haldið 2. desember í Sunnulækjarskóla.
- Píanó-hringekjutónleikar, 10. desember 2026 (samspilstónleikar pínónemenda).
- Í desember leika nemendur jólalög og aðra fallega tónlist víða í samfélaginu.
- Svæðis- og þematónleikar í tilefni af Degi tónlistarskólanna verða laugard. 6. febrúar 2027.
- Miðdeildartónleikar, miðvikud. 8. mars 2027.
- Framhaldsdeildartónleikar, fimmtud. 9. mars 2027.
- Nótan, uppskeruhátíð tónlistarskólanna verður haldin 10. apríl 2027 í Norðurljósasal Hörpu.
- Vortónleikar, 3. – 8. maí 2027.
- Skólaslit, 26. – 31. maí 2027.

Aðgangur að tónleikum skólans er ókeypis og eru allir hjartanlega velkomnir.

Þema vetrarins er *„Íslensk tónlist með áherslu á þjóðlög“*. Viðfangsefnið á eftir að lita verkefnaval vetrarins, sérstaklega þematónleikana 6. febrúar 2027.

Tónlistarflutningur á hjúkrunarheimilum

Öll hjúkrunarheimili í sýslunni verða heimsótt á haustönn. Deildarstjórar og kennarar skiptast á um að fara með nemendur og leika fyrir heimilisfólk.

Hljóðfærakynningar í grunnskólum

Hljóðfærakynningum tónlistarskólans innan grunnskólanna verður fram haldið á vorönn. Allar bekkjardeildir 2. bekkjar fá fimm heimsóknir (alls 60 talsins) þar sem verður bæði sungið, og leikið á hljóðfæri.

Áætlun 2027

Heildarframlög sveitarfélaga til Tónlistarskóla Árnesinga árið 2027 eru áætluð 492.581.877 kr. Áætlun miðast við leyfðan klukkustundafjölda hvers sveitarfélags.

Forsendur áætlunar eru:

1. Rauntölu janúar - september 2026 og áætlun úr launaforriti fyrir veturinn 2026 - 2027.
2. Fjöldi kenndra klukkustunda (einkatímar (417,25, hóptímar (52,4) í september 2026, 417,25 klst. + leyfður klst-fjöldi haust 2026, alls 465,5 klst.
3. Kjarasamningur KÍ/FT og FÍH við Samband íslenskra sveitarfélaga - gildistími 1.2.2025 – 31.3.2028

(Fylgiskjal R - Áætlun 2027)
(Fylgiskjal S - Kostnaðarskipting sveitarfélaga 2027)

Skýrslur deildastjóra maí 2026

Blásaradeild

Skýrsla maí 2026

Deildarstjóri: Gestur Áskelsson

Kennarar:	*Kennslugreinar:*
Eyjólfur Eyjólfsson	Þverflauta
Gestur Áskelsson	Klarínetta, saxófónn,píanó
Jóhann I. Stefánsson	Trompet, básúna, túba
Örlygur Benediktsson	Klarínetta, saxófónn
Jón Gauti Guðmundsson Líndal	Trompet,básúna
Stefán I. Þórhallsson	Slagverk
Sæbjörg Eva Hlynsdóttir	Þverflauta
Zbigniew Zuchowicz	Trompet, horn
Daði Einarsson	Trompet, básúna

Hljómsveitir og samspil:

Selfoss	Blásarasveit AB	Sæbjörg Eva Hlynsdóttir
Selfoss	Blásarasveitir CD	Sæbjörg Eva Hlynsdóttir
Þorlákshöfn	yngri blásarasveit	Gestur Áskelsson
Þorlákshöfn	eldri blásarasveit	Gestur Áskelsson

Tónleikahald deildar:
Landsmót SÍSL í október í Kópavogi.
Hausttónleikar í nóvember.
Afmælistónleikar Laugarvatni í nóvember.
Norræna bókasafnsvikan í nóvember.
Jólatónleikar og jólaböll á öllum svæðum í desember ásamt aðventustundum.
Svæðistónleikar í febrúar.
Teiknimyndatónleikar með Lúðrasveit Þorlákshafnar í apríl og maí.
Vikuna 4. til 8. maí var smiðjuvika og óhefðbundin kennsla. Sóttu nemendur hin ýmsu námskeið og voru þau almennt mjög vel sótt.
Vortónleikar í maí.
Veturinn endaði á skólaslitum á öllum starfsstöðvum með tilheyrandi tónlistarflutningi.

Tónleikaferðalög og heimsóknir:
Landsmót SÍSL í Kópavogi í október.
Hljóðfærakynningar gengu vel og voru allir grunnskólar sýslunnar heimsóttir.

Próf – tölfræði:
Alls tóku 12 nemendur próf:
- 1.stig, 2 nemendur
- Grunnpróf, 6 nemendur
- 4. stig, 2 nemendur
- Miðpróf, 1 nemandi
- 6. stig, 1 nemandi

Annað: Hlökkum til næsta skólaárs.

Blokkflautudeild

Skýrsla maí 2026

Deildarstjóri: Gestur Áskelsson

Kennarar:	*Kennslugreinar:*
Kristín Jóhanna Dudziak Glúmsd.	Blokkflauta og Suzukiblokkflauta, samspil
Sylvía Rosel	Blokkflauta og Suzukiblokkflauta, samspil

Samspilshópar:	*Stjórnandi:*
Selfoss - Blokkflautusveit AB	Kristín Jóhanna Dudziak
Selfoss - Blokkflautusveit CD	Kristín Jóhanna Dudziak

Suzuki-blokkflautuhópar:

Selfoss – Blokkfl. Suzukisamspil A	Kristín Jóhanna Dudziak Glúmsd.
Selfoss – Blokkfl. Suzukisamspil B	Sylvía Rosel

Tilfallandi dúettar og tríó.

Tónleikahald deildar:
Afmælistónleikar Laugarvatni í nóvember.
Hausttónleikar voru haldnir í nóvember.
Tónleikar Móbergi í nóvember.
Jólatónleikar á öllum svæðum í desember ásamt aðventustundum.
Leikskólinn Goðheimar í febrúar.
Dagur tónlistarskólanna í febrúar.
Hljóðfærakynningar haldnir í febrúar.
Svæðistónleikar á Selfossi og í Skálholti einnig í febrúar.
Í mars voru miðdeildar og framhaldsdeildartónleikar.
Stóra upplestrarkeppnin var haldin í mars.
Reykjavík Early Music Festival í mars. 8 blokkflautunemendur léku á tónleikum Reykjavík barokk í Eldborg.
Í lok apríl og byrjun maí voru haldnir vortónleikar um alla sýslu.
Tónleikar nemenda 20+ í apríl.
Vortónleikar í apríl og maí.
Vikuna 4. til 8. maí var smiðjuvika og óhefðbundin kennsla. Sóttu nemendur hin ýmsu námskeið og voru þau almennt mjög vel sótt.
Veturinn endaði á skólaslitum á öllum starfsstöðvum með tilheyrandi tónlistarflutningi.

Tónleikaferðalög og heimsóknir:
Hljóðfærakynningar voru haldnar í öllum skólum sýslunnar og gengu mjög vel.

Próf – fjöldi:
4 próf voru tekin í vetur,1., 2. stig, grunnpróf og 6. stig.
Suzukiútskriftir vor 2026: Sópranbók 2, 2 nem.

Námskeið sem kennarar hafa sótt:
Kristín var í rytmísku námi á blokkflautu.

Forskóladeild – hljóðfærakynningar í 2. bekk grunnskóla í Árnessýslu.

Skýrsla maí 2026

Deildarstjóri: Edit Anna Molnár í leyfi 2025-2026.
Jóhann I. Stefánsson aðstoðarskólastjóri hafði umsjón með forskóladeild.

Allir nemendur í 2. bekk í grunnskólum Árnessýslu fengu fimm heimsóknir yfir veturinn.

Yfirumsjón með kynningunum var í höndum deildarstjóra hvers hljóðfærahóps. Hver þeirra hélt utan um sex kynningarlotur í sínum hljóðfæraflokki. Til liðs við sig fengu deildarstjórar kennara úr heimasveit eða annan kennara innan deildar eftir atvikum. Grunnskólakennarar og skólastjórar fengu í upphafi vetrar senda áætlun um heimsóknartímana.

Hver tími byggðist upp á kynningu á hljóðfærunum og hljóðfæraleik. Að auki voru í hverri kynningu sungin lög.

Kynningar - Deildarstjórar - Kennarar:

1. **Gítar/slagverk/rytmísk hjóðfæri:** *Vignir Ólafsson,*
   + Stefán I. Þórhallsson.
2. **Strokhljóðfæri**: *Guðmundur Kristmundsson*
   + Guðmundur Pálsson, Ulle Hahndorf
3. **Tréblásturshljóðfæri**: *Gestur Áskelsson*
   + Helga Sighvatsdóttir, Kristín J. Dudziak, Örlygur Benediktsson, Sæbjörg Eva Hlynsdóttir
4. **Málmblásturshljóðfæri**: *Jóhann I. Stefánsson*
   + Daði Þór Einarsson
5. **Píanó og upprifjunartími/söngur***: Margrét S. Stefánsdóttir*
   + Kolbrún Berglind Grétarsdóttir, Helga Sighvatsdóttir.

(Fylgiskjal B – Hljóðfærakynningar í 2. bekk)

Gítardeild

Skýrsla maí 2026

Deildarstjóri: Vignir Ólafsson

Kennarar:	*Kennslugreinar:*
Birgit Myschi	Gítar, Suzukigítar
Kristinn Freyr Kristinsson	Gítar, rafgítar, samspil
Luke Starkey	Gítar, rafgítar, samspil

Samspilshópar:		*Stjórnandi:*
Hveragerði	Gítarsamspil	Kristinn Freyr Kristinsson
Selfoss	Gítarsamspil A	Luke Starkey
Selfoss	Gítarsamspil B	Kristinn Freyr Kristinsson
Selfoss	Suzukihópar A	Birgit Myschi
Selfoss	Suzukihópar B	Birgit Myschi
Meðleikur með Suzukihópum		Kristinn Freyr Kristinsson

Tónleikahald deildar:
70 ára afmælishátíð á Laugarvatni 15.11, 2025
Spilað fyrir skólafélagana 16.10, 2025
Deildartónleikar Stekkjaskóla 8.11
Hausttónleikar í Skálholtskirkju 18.11, 2025
Hausttónleikar LUS 21.11, 2025
Hausttónleikar BIM og KFK 04.12, 2025
Jólalög í bókasafninu BIM 16.12, 2025
Vortónleikar LUS 10.04, 2026
Vortónleikar BIM 30.04, 2026
Vortónleikar KFK 05.05, 2026
Skólaslit 21-27.05 2026

Tónleikaferðalög og heimsóknir:
Ljósheimar: heimsókn gítardeildar 11.12, 2025
Hljóðfærakynningar sem gengu vel og snurðulaust í vetur

Próf: 12 nemendur þreyttu próf í ár, þar af 1 áfangapróf

Píanódeild

Skýrsla maí 2026

Deildarstjóri: Margrét S. Stefánsdóttir

Píanókennarar:

Daniel Alexander Cathcart Jones	rytmískt píanó, píanó		
Björn Pálmi Pálmason	píanó	Magnea Gunnarsdóttir	píanó
Ester Ólafsdóttir	píanó	Margrét S.Stefándóttir	píanó
Gestur Áskelsson	píanó	Miklós Dalmay	píanó
Guðrún Markúsdóttir	píanó	Svetlana O.Veshchagina	píanó
Guðmundur Óli Gunnarsson	píanó	Timothy Andrew Knappett	píanó
Jón Bjarnason	orgel	Ulle Hahndorf	píanó
Kolbrún Berglind Grétarsdóttir	píanó		

Hljómsveitir / samspilshópar (fastir og tilfallandi):
Suzukisamspil
Tilfallandi samspil pínónemenda. Mörg verkefni í tilefni afmælistónleika.
Píanósamspil (fastir í stundaskrá) - nemendur Kolbrúnar Berglindar Grétarsdóttir.

Tónleikahald deildar:
Afmælistónleikar 15.nóvember á Laugarvatni. Þar fluttu 29 pínónemendur Árnesingatilbrigði útsetning Malcolms Halloway við lagið Litla kvæðið um litlu hjónin eftir Pál Ísólfsson. Pínóhringekjutónleikar 15.apríl.
Pínódeildartónleikar,
Haust og vortónleikar.
Skólaslit voru á kennslustöðum þar sem pínónemendur komu fram.

Tónleikaferðalög og heimsóknir: Pínónemendur fóru „út í bæ“ og spiluðu meðal annars á öldrunarheimilum í nærumhverfi sínu og reynt var að bregðast við óskum um tónlistaratriði eftir bestu getu. Einnig fóru píanó-Suzukinemendur í Tónastöðina í Reykjavík og spiluðu þar.

Próf – fjöldi áfangaprófa: 37 próf tekin á síðasta skólaári.
1.stig = 19, 2.stig = 5, Grunnpróf = 10, 4.stig = 1, Miðpróf = 2

Námskeið sem kennarar hafa sótt:
Skyndihjálparnámskeið og prófdómaranámskeið á vegum skólans.

Guðrún Markúsdóttir og Kolbrún Berglind Grétarsdóttir fóru á suzukinámskeið í Bryanston í ágúst 2025.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs:
Efla samspil og samvinnu annarra deilda.
Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir: Húsnæði skólans er orðið allt of lítið. Vantar tilfinnanlega rými til tónleikahalds og fleiri stofur.

Rytmadeild

Skýrsla maí 2026

Deildarstjóri: Vignir Ólafsson

Kennarar:	*Kennslugreinar:*
Stefán I. Þórhallsson	Slagverk og trommur og samspil
Skúli Gíslason	Trommur, slagverk
Vignir Ólafsson	Rafgítar, rafbassi og samspil
Daniel Cassidy	Fiðla, gítar og rafbassi
Luke Starkey	Rafgítar
Daníel Alexander Cathcart Jones	Píanó, hljómborð
Kristinn Freyr Kristinsson	Rafgítar

Samspilshópar:		*Stjórnandi:*
Selfoss	Rytmísk samspil A, B og C	Vignir Ólafsson
Selfoss	Slagverkssamspil G og M	Stefán I. Þórhallsson

Tónleikahald deildar:
70 ára afmælishátíð íþróttahúsinu á Laugarvatni 15.11.2025
Deildartónleikar Selfoss 08.12, 2024 í hátíðarsal Stekkjaskóla
Hausttónleikar Selfoss 05.12, 2025 í Suzukisal Stekkjaskóla
Jólaball Sunnulækjar og Stekkjaskóla 19.12, 2025
Kvöldmessa með Ástarþema 15.02, 2026 í Selfosskirkju
Vortónleikar Suzukisal Stekkjaskóla 13.05, 2026
Kveðjutónleikar Valdísar Bókasafni Árborgar 27.05,2026
Skólaslit Selfosskirkju 27.05, 2026

Tónleikaferðalög og heimsóknir:
Árblik Heimsókn 28.11 2025
Móberg Jólaspil 02.12 2025
Hljóðfærakynningar gengu vel að venju.

Próf – fjöldi áfangaprófa: 19 nemendur tóku próf, þar af 3 nemendur sem tóku grunnpróf.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs: Styðja við starfsmenn skólans varðandi rafrænt umhverfi, fjarkennslu, upptökur og streymi.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir: Það vantar tilfinnanlega samspilsrými fyrir rytmísk samspil þar sem hægt er að spila án þess að trufla aðra kennslu. Að vísu er deildin með tæki sem bjóða upp á hlóðlátt samspil, en það þarf að tengja og setja upp í hvert skipti og nemendur eru mishrifnir af að spila með heyrnartól og finnst það stundum heftandi.

Annað: Halda áfram að efla tengsl og samvinnu á milli deilda skólans. Samvinna er það sem skilar mestum árangri.

Strengjadeild

Skýrsla maí 2026

Deildarstjóri: Guðmundur Kristmundsson

Kennarar:	*Kennslugreinar:*
Guðmundur Kristmundsson	Fiðla, víóla
Guðmundur Pálsson	Fiðla,
Uelle Hahndorf	Selló
Veronique Jacques	Selló

Hljómsveitir og samspilshópar:	*Stjórnandi:*
Hverageröi-samspil	Guðmundur Kristmundsson
Selfoss - strengjasveit AB	Guðmundur Pálsson
Selfoss - strengjasveit CD	Uelle Hahndorf

Tónleikahald deildar:
Deildartónleikar 7. nóv
Strengjasveit AB á Jólaballi Suzukideildar í Sunnulækjarskóla 3. des.
Strengjaþátttaka í Jólatónleikum Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands í Skálholti í des.
Strengjaþáttaka á Mið- og Framhaldsdeildartónleikum í mars
Nemendur á Svæðistónleikum Nótunnar í Salnum Kópavogi 18. apríl
Nokkrir nemendur komu fram á Styrktartónleikar Orgelsjóðs Hverageröiskirkju 26. apríl
Svæðistónleikar kennslustaðanna í febrúar

Tónleikaferðalög og heimsóknir:
Strengjanemendur á opnu húsi í Grunnskólanum í Hverageröi og í Stekkjaskóla í desember
Nemendur léku við skólaslit Tónlistarskólans og einstaka Grunnskóla auk þess tóku nokkrir nemendur þátt í hljóðfærakynningum Tónlistarskólans í grunnskólum og í heimsóknum, í leikskóla og á stofnanir, t.d. Vinaminni og Árbliki á Selfossi, Ási í Hverageröi og Sólvöllum Eyrarbakka einnig í upplestrarkeppnum víðsvegar í sýslunni.
Nemendur komu einnig fram ýmist einir eða í hópi við ýmsar aðrar athafnir félagasamtaka í sýslunni.
Nemendur tóku þátt í Strengjamóti á Akranesi í október
70 ára afmælishátíð skólans á Laugarvatni 15. nóv.
Þátttaka í Jólatónleikum Sinfó Suð í Selfosskirkju 29. nóv. og Jólaballi Selfosskirkju 11. des.

Próf – fjöldi áfangaprófa: 10 próf: 1.stig=2, 2.stig=5, Grunnpróf=2, 4.stig=1

Námskeið sem kennarar hafa sótt: (Sjá Suzuki-skýrslu)

Nýjungar á skólaárinu (kennsluhættir, kennslubækur og gögn) og mat á þeim: Kennarar eru stöðugt að safna nýju efni og leita nýrra leiða til að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs: Öflugt hljómsveitastarf, líka í samstarfi við aðrar deildir og skóla. Fleiri smærri samspilshópar.

